

Fundargerð 70. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2024, fimmtudaginn 21. mars kl. 12:30 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Jónína Brynjólfsdóttir og Einar Kristján Jónsson.

Að auki sátu fundinn Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Skattlagning orkuvinnslu - 2402001SO

Formaður kynnti bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 15. mars 2024 um skattlagningu orkuvinnslu:

„Stjórn sambandsins fagnar því að fram séu komnar tillögur um breytingar á skattlagningu orkuvinnslu. Mikilvægt er að í kjölfarið verði mótað frumvarp þar sem málið er nánar útfært og hvetur stjórn fjármála- og efnahagsráðherra til aðganga hratt til verks í þeim efnum. Við þá vinnu sé mikilvægt að áfram verði haftgott samráð við sveitarfélögin og vinna að breiðri samstöðu um málið.“

Rætt var um næstu skref samtakanna varðandi skattlagningu orkuvinnslu.

Stjórn samþykkir að fela formanni að ræða við Samband íslenskra sveitarfélaga um sameiginlega kynningu fyrir sveitarfélögin á tillögum starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu.

2. Samtök orkusveitarfélaga - ársreikningur 2023 - 2403001SO

Ársreikningur samtakanna vegna ársins 2023 lagður fram til kynningar.

Stjórn samþykkir að vísa ársreikningnum til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum og til kynningar hjá aðildarfélögum, sbr. samþykkir samtakanna.

3. Áform um breytingu á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun - 2202003SO

Lagt fram til kynningar „Áform um breytingu á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun“.

Stjórn samþykkir að fela formanni að ræða við Samband íslenskra sveitarfélaga um sameiginlega aðkomu að málinu.

4. Orkufundur 2024 - 2403002SO

Stjórn samþykkir að halda Orkufund, föstudaginn 3. maí 2024 á Egilsstöðum (með þeim fyrirvara að dagsetning gæti breyst). Stjórnin felur Ásu Valdísi og Jónínu til sjá um undirbúning og koma með drög að dagskrá.

5. Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga 2024 - 2403003SO

Stjórn samþykkir að halda aðalfund Samtaka orkusveitarfélaga, miðvikudaginn 9. október 2024.

6. Næstu fundir stjórnar - 2011004SO

Lögð var fram áætlun um næstu fundi stjórnar.

8. apríl 2024

22. apríl 2024

Áætlun samþykkt .

Fundi var slitið kl. 14:00